



# Nýjar evrópskar reglur um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja

Leiðir aukið gagnsæi upplýsinga til breytinga á stjórnarháttum fyrirtækja?

Erindi á málstofu Landssamtaka lífeyrissjóða 28. janúar 2025

Heiða Óskarsdóttir lögmaður og sérfræðingur í stjórnarháttum.

[www.linkedin.com/in/heida-oskarsdottir](http://www.linkedin.com/in/heida-oskarsdottir)

# Tilskipun um sjálfbærniuppgjör fyrirtækja (CSRD)

- Hefur tekið gildi innan Evrópusambandsins, beðið eftir innleiðingu á Íslandi.
- Tekur við af tilskipun um ófjárhagslega upplýsingagjöf fyrirtækja (NFRD).
- Tekur til stórra fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja með bréf á markaði.
- Hluti af skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrirtækis og háð endurskoðun með takmarkaðri vissu (e. limited assurance)
- Tilskipuninni fylgja tólf nýir staðlar (ESRS) um sjálfbæra upplýsingagjöf sem háðir eru mikilsvægismati sem þýðir að fyrirtæki munu eingungis gefa upplýsingar sem viðeigandi eru fyrir viðskiptamódel þess.
- Samræmt rafrænt skýrslusnið. Yfir 1000 gagnapunktur sem þó eru ekki allir skyldubundnir.
  - shall disclose - may disclose

## Skylda til upplýsingagjafar, ekki aðgerða

- ▶ Í inngangsorðum tilskipunarinnar kemur fram að markmiðið sé að **auka gæði og samanburðarhæfni sjálfbærniupplýsinga** sem fyrirtæki birta, til að mæta þörfum fjárfesta og annarra hagaðila fyrir áreiðanlegar upplýsingar.
  - ▶ Gæði tryggð með endurskoðun upplýsinganna
  - ▶ Samanburðarhæfni tryggt með stöðlun þeirra á rafrænu skýrsluformi
- ▶ Tilskipunin felur í sér skyldu til upplýsingagjafar, ekki aðgerða eða umbreytinga innan fyrirtækja þegar kemur að málefnum sjálfbærni.
- ▶ Vilji ESB stendur til þess að fyrirtæki tengi sjálfbærni við viðskiptalíkan sitt og stefnumótun, setji sér tímasett markmið í loftlagstengdum málum, greini helstu áhættur og tækifæri sem felast í sjálfbærni og framkvæmdi áreiðanleikakönnun á áhrifum fyrirtækisins, áhættum og tækifærum þegar kemur að sjálfbærni. Áreiðanleikakönnunin á að ná niður alla virðiskeðjuna.
- ▶ Tilgangur er að leiða fjármagn fjárfesta í átt að sjálfbærri atvinnustarfsemi með því að auka gagnsæi.
- ▶ Tilskipunin tengist öðru regluverki ESB innbyrðis.

# Áhrif aukins gagnsæis á störf stjórnna

Meginhlutverk stjórnna að fara með **æðsta vald** í málefnum fyrirtækisins milli aðalfunda, **móta framtíðarstefnu** þess og **hafa eftirlit** með því að starfsemin sé í samræmi við stefnuna, sem og gildandi lög og reglur.

## ➤ Stefnumótunarhlutverk

- Stjórnir félaga þurfa að þekkja áherslur og væntingar fjárfesta, sem og annarra hagaðila, og taka mið af þeim í stefnumótun sinni svo fjármagn leiti ekki annað.
- Stjórnir þurfa að þekkja viðeigandi þætti sjálfbærniregluverks ESB sem snúa að þeirra starfsemi.

## ➤ Eftirlitshlutverk

- Tryggja þarf heilindi upplýsinganna, þ.e. nákvæmni, áreiðanleika og gagnsæi, til að forðast orðsporsáhættu og grænþvott, sbr. IKEA.
- Tryggja þarf að öll eftirlitskerfi fyrirtækisins virki á skilvirkan hátt.
- Búa yfir nægri þekkingu eða hafa aðgang að sérfræðiþekkingu svo unnt sé að rækja eftirlitshlutverkið á fullnægjandi hátt.
- Upplýsingarnar verða háðar endurskoðun með takmarkaðri vissu og ársreikningaskrá getur hafnað viðkomandi skýrslu stjórnar ef upplýsingarnar uppfylla ekki kröfur um gæði og heilleika.

# Fjárfestar sem áhrifavaldar umbreytinga

- ▶ Fjárfestar verða megin “áhrifavaldar” umbreytinga þar sem þeir stýra fjármagni og geta beint því í átt að sjálfbærum rekstri.
- ▶ Vilji ESB er að fjárfestar nýti aukið gagnsæi til samanburðar fyrirtækja og beini fjármagni sínu í sjálfbæran rekstur.
- ▶ Tilskipunin veitir fjárfestum skýrari og samanburðarhæfari upplýsingar. Þeir geta nýtt upplýsingarnar til að þrýsta á breytingar og mótað þannig stefnu fyrirtækja.
- ▶ Þurfa að setja fram skýran vilja sinn í stefnum sínum svo fyrirtæki geti lagað sig að væntingum þeirra.
- ▶ Geta einnig haft áhrif í gegnum umræður starfskjarastefnur með því t.d. að leggja áherslu á að hvatakerfi stjórnenda verði samþætt við sjálfbærnimarkmið.

# Aukin upplýsingagjöf – lykillinn að sterkari tengslum

## Hlutverk stjórnna

- Að móta skýra stefnu sem endurspeglar sjálfbærnimarkmið og væntingar fjárfesta.
- Að tryggja að upplýsingar séu áreiðanlegar og nýtanlegar fyrir fjárfesta og aðra hagaðila.

## Hlutverk fjárfesta

- Að vera virkir þátttakendur í að móta sjálfbærar áherslur fyrirtækja.
- Að setja fram skýrar stefnur sem leiðbeina stjórnnum í átt að sjálfbærum rekstri.

## Samskipti eru lykilatriði

- Opnari og markvissari samskipti milli fjárfesta og stjórnna eru forsenda þess að ná sameiginlegum markmiðum.
- Tilskipunin útvegar fjárfestum nauðsynleg verkfæri til að knýja fram breytingar. Leiðbeiningar um stjórnarhætti

## ESB talið ætla að draga úr sjálfbærniregluverkinu

Stjórnvöld í Frakklandi og Þýskalandi vilja draga úr umfangi sjálfbærniregluverks Evrópusambandsins.



ERLENT 15. janúar 2025 19:01

Ritgjafi / ritgjafi@vb.is

## Stóru bankarnir gefast upp á loftlagssamkomulagi

Aðeins einn bandarískur banki situr eftir í Net-Zero Banking Alliance.



JPMorganChase er eini bandaríski bankinn eftir í Net-Zero Banking Alliance.

Ljósmynd: eppa

Deila Morgan Stanley, Citigroup og Bank of America ákváðu í þessari viku að segja sig

ERLENT 15. janúar 2025 19:01

Ritgjafi / ritgjafi@vb.is

## Stærsta eignastýringafélag heims kveður loftlags-samkomulagið

Afar fjar sitja eftir í samkomulaginu sem Sameinuðu Jjóðirnar studdu árið 2021.



Larry Fink, forseti BlackRock.

Ljósmynd: eppa

# Hverjar verða áherslur fjárfesta á Íslandi?





# Takk fyrir!

Grein um sjálfbærniþrekkingskil fyrirtækja og áhrif á störf stjórna: <https://doi.org/10.24122/tve.a.2024.21.2.7>

Frétt um IKEA : <https://www.visir.is/g/20242662632d/ikea-sakad-um-graenthvott-slokkvid-a-mynda-velunum->

Frétt um BlackRock: <https://vb.is/frettir/staersta-eignastyringafelag-heims-kvedur-upp-loftlagssamkomulagi/>

Frétt um fjárfestingabanka: <https://vb.is/frettir/storu-bankarnir-gefast-upp-a-loftlagssamkomulagi/>

Frétt um ESB: <https://vb.is/frettir/esb-talid-aetla-ad-draga-ur-sjalfbaerniregluverkinu/>